



## AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

### Skipulagslýsing

*Skilmálabreyting fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði, skógræktar- og landgræðslusvæði og frístundasvæði.*



16.08.2024





## SKIPULAGSLÝSING

---

### SKJALALYKILL

---

102711-LYS-001-V02

### HÖFUNDUR

---

MS

### RÝNT

---

ÁJ/BRE

## 1 EFNISYFIRLIT

2	INNGANGUR	4
2.1	Skipulagslýsing	4
3	FORSENDUR	4
4	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
4.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
4.2	Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2031	5
4.3	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	6
5	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
6	UMHVERFISSKÝRSLA	8
6.1	Valkostir	8
6.2	Umhverfispættir og áherslur	8
7	SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ	10
7.1	Umsagnaraðilar	10
7.2	Skipulagsferli	10

## 2 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Breytingin snýst um skýrari stefnumörkun á skógrækt og skógræktarverkefni innan sveitarfélagsins. Einnig verða settir skilmálar varðandi uppbyggingu innan frístundabyggða. Eingöngu er um að ræða breytingu á almennum skilmálum.

Þar sem um er að ræða breytingu á almennum skilmálum aðalskipulags, verða ekki lögð fram stafræn gögn til Skipulagsstofnunar samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

### 2.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum komandi skipulagsvinnu.

## 3 FORSENDUR

Breytingin tekur til skógræktar innan skilgreindra landnotkunarflokka, svo sem landbúnaðarlands, opinna svæða og skógræktar- og landgræðslusvæða. Undanfarin misseri hefur verið töluverð eftirspurn eftir landsvæði undir skógrækt í sveitarfélaginu. Oftast nær eru það svæði á þegar skilgreindu landbúnaðarlandi. Þar af leiðandi telur sveitarstjórn nauðsynlegt að marka skýrari stefnu í aðalskipulagi um hvaða svæði séu æskileg undir skógrækt, hver málsmeðferð slíkra mála skal vera og hvers konar gögn þarf að leggja fram með slíkum umsóknum. Markmið breytingarinnar er að gera ítarlegri skilmála til að hafa bæði betri yfirsýn og stjórn á skógrækt, sem og skapa betra verkfæri til að takast á við og halda utan um skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar.

Einnig er gerð breyting á almennum skilmálum fyrir uppbyggingu í frístundabyggð þar sem nýtingarhlutfall verður rýmkað. Í Grímsnes- og Grafningshrepp er ein stærsta frístundabyggð landsins og hyggst sveitarfélagið koma til móts við landeigendur og aukna eftirspurn eftir rýmri byggingarheimildum þar sem aðstæður leyfa.

## 4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 4.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samheppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Loftslagsaðlögun, kolefnishlutleysi og binding gróðurhúsalofttegunda eru undirstaða stefnunnar. Stuðla þarf með markvissum hætti að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun samhliða því að stuðla að seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í stefnunni eru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið um *vernd umhverfis og náttúru* stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Markmið um *velsæld samfélagsins* stuðlar að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

### 4.2 Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2031

Lykilviðfangsefni stefnu um landgræðslu og skógrækt eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Stefnan fjallar um hvernig megi vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir landsins sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Ræktun nýrra skóga miða að uppbyggingu auðlindar sem hægt er að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið til framtíðar. Það þarf að gerast á þann hátt að ekki verði gengið á önnur gæði og að tekið sé tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

#### Framtíðarsýn og áherslur til 2031

Eftirfarandi framtíðarsýn fyrir landgræðslu og skógrækt á Íslandi er sett fram:

- Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu.
- Nýting skóga, votlendis og annarra vistkerfa er sjálfbær og þau hafa öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski.
- Vistkerfi landsins geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í að Ísland bindi meira kolefni en það losar.

- Aukin landgæði í skógum og blómlegri vistkerfum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og eykur þanþol samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum.
- Land býr yfir gæðum sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og sjálfbæra þróun byggða um allt land.

Til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika eru settir fram fimm áhersluþættir sem draga fram meginviðfangsefni stefnunnar:

- Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.
- Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.
- Stuðla að sjálfbærri landnýtingu.
- Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu.
- Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

### 4.3 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er fjallað töluvert um skógrækt, bæði innan forsendu og umhverfisskýrslu og innan greinargerðar skipulagsins. Ein megin stefna aðalskipulags er að skapa loftlagsvæna byggð og stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál, m.a. með fjölbreyttari möguleikum í samgöngum, bindingu gróðurhúsalofttegunda, skógrækt og endurheimt votlendis. Helst það í hendur við stefnu um verndun úrvals landbúnaðarlands.

Í stefnumörkun um **landbúnaðarland (L)** er flokkun landbúnaðarlands, sem er grunnur landnotkunarflokkur aðalskipulags, liggur fyrir innan forsendu og umhverfisskýrslu aðalskipulags.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Landbúnaðarland í flokki I og að hluta til í flokki II (sbr. flokkun landbúnaðarlands); sléttlendi, nær grjótlaut og frjósamur jarðvegur. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu. Byggingar, vegir, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar nýtingu lands til matvælaframleiðslu er að jafnaði ekki heimil. Þó er heimilt að byggja upp á 1-2 ha spildum á bæjarforfum bújarða þar sem hentugt er að samnýta vegi og veitur.</li> <li>• Byggingar geta verið heimilar í jaðri svæða og verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li> <li>• Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu.</li> <li>• Heimilt er að vera með skjólbelti.</li> </ul>
L2	Gott landbúnaðarland	Landbúnaðarland í flokki II-IV. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem getur verið ótengd landbúnaði.</li> <li>• Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð.</li> <li>• Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar.</li> <li>• Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð.</li> </ul>
L3	Landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum	Megin landnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi og/eða áhugabúskapur. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að byggja upp litlar landspildur til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem er jafnvel ótengd landbúnaði.</li> <li>• Landspildur eru jafnan 1- 15 ha að stærð. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildar byggingarmagn á lóðum/landspildum er að hámarki 1.500 m<sup>2</sup>, nema mannvirki séu tengd landbúnaðarstarfsemi.</li> <li>• Óheimilt er að hafa mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða sjónmengunar, né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.</li> </ul>

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Húsdýrahald og skógrækt er heimil</li> </ul>

Innan viðkomandi skilmála er sérstaklega tiltekið um skógrækt:

- L1 - Byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum.
- L2 - Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar.
- L3 - Húsdýrahald og skógrækt er heimil.

Á **opnum svæðum (OP)** er ekkert fjallað um heimildir til skógræktar í stefnumörkun utan þéttbýlis.

Um **skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)** er eftirfarandi stefna í aðalskipulagi sveitarfélagsins:

- Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.

Almennir skilmálar:

- Skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil allsstaðar í byggð.
- Skógrækt valdi ekki snjóöfnun á vegum eða hindri vegsýn.
- Landgræðsla er heimil þar sem hennar gerist þörf.
- Við skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka verði ekki hindruð frjáls för manna og tekið tillit til mikilvægra vistgerða.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru ýmist svæði á vegum skógræktarféлага, skógrækt í tengslum við Skógrækt ríkisins eða skógrækt á vegum einstaklinga. Núverandi og áætluð skógræktarsvæði stærri en 15 ha eru sýnd á skipulagsupprætti. Mörg svæðanna eru einnig nýtt sem útivistarsvæði. Á skógræktarsvæðum er heimilt að hafa mannvirki sem þjóna notkun svæðanna, s.s. bílastæði, snyrtiaðstöðu, gönguleiðir, áningarstaði og upplýsingaskilti. Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskylt vegna umhverfismats.

Alls eru skilgreind 17 skógræktar- og landgræðslusvæði á aðalskipulagi og taka þau svæði til um 4581 ha af landi.

Um **frístundabyggð** er eftirfarandi stefna í aðalskipulagi sveitarfélagsins um byggingamagn í frístundabyggðum:

- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 1/2 - 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03. Heimilt byggingarmagn er þó allt að 100 m<sup>2</sup> á lóðum sem voru stofnaðar fyrir 2021, þrátt fyrir að þær séu minni en 1/3 ha, nema meira byggingarmagn sé heimilt skv. gildandi deiliskipulagi. Almennt er gert ráð fyrir að lóðir taki til allt að 2/3 hluta frístundasvæða.
- Heimilt er að hafa aukahús/gestahús og geymslu á hverri lóð og teljast þessar byggingar með í heildar byggingarmagni lóðar.

## 5 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Settir verða skilmálar í greinargerð aðalskipulags sem snúast að skýrari stefnumörkun þar sem skógræktarverkefni eru fyrirhuguð. Einnig verða gerðar breytingar á skilmálum er varða uppbyggingu innan frístundabyggðar.

Í almennum skilmálum varðandi landbúnaðarland (L), opin svæði (OP) og skógræktar- og landgræðslusvæðum (SL) verður bætt við ákvæðum um að skógrækt verði heimiluð upp að ákveðnu marki innan þessara svæða án þess að gera þurfi sérstaklega grein fyrir því í aðalskipulagi. Samhliða er þó gert ráð fyrir að öll skipulögð skógrækt, sem fer fram yfir ákveðin stærðarmörk sé framkvæmdaleyfis skyld. Áfram er gert ráð fyrir að yndisskógrækt s.s. á bújörðum, við bæjarstæði, frístundasvæði og víðar verði heimil enda sé ekki um atvinnutengda starfsemi að ræða.

Í almennum skilmálum um frístundasvæði verður nýtingarhlutfall rýmkað, til að heimila t.d. kjallara undir húsum, þar sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

## 6 UMHVERFISSKÝRSLA

### 6.1 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við tillögu að breyttu aðalskipulagi sem skipulagslýsing þessi nær til.

### 6.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og í deiliskipulaginu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar matsspurningar og helstu viðmið í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni. Nánar verður gert grein fyrir umhverfisviðmiðum í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðvegur –</i> <i>jarðvegsrof.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við skipulagsgerð í dreifbýli taki ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun mið af þeim gæðum sem felast í landslagi.</li> <li>• Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?



UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<p>sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stefnt verði að því efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og manngerðu.</li> </ul> <p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd.</li> <li>Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags.</li> <li>Forðast skal að raska góðu landbúnaðarlandi.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda skal landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum.</li> <li>Húsagerðir og lóðaskiptan skulu falla vel að landslagi.</li> </ul> <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að verndun jarðvegs og draga úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.</li> </ul> <p><i>Land og líf 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á jarðveg?</p>
<p><b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi Fuglaverndun.</i></p>	<p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hugað sé að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.</li> </ul> <p><i>Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>VOT S-3 mikilvægt fuglaverndarsvæði.</li> </ul> <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni.</li> </ul> <p><i>Land og líf 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi og þá mögulega kolefnisbindingu? Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla s.s. varplönd?</p>
<p><b>Loft</b> <i>Losun gróðurhúsalofttegunda.</i></p>	<p><i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa.</li> </ul> <p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skógrækt verði nýtt til bindingar kolefnis.</li> </ul> <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á bindingu kolefnis? Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum?</p>
<p><b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar. Öryggi. Frístundasvæði</i></p>	<p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist.</li> <li>Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og þróun byggða.</li> <li>Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða.</li> <li>Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist.</li> <li>Að landnýting styðji við atvinnu og byggð.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.</li> <li>Stuðla að fjölbreyttu og öfluglu atvinnulífi.</li> <li>Að skógrækt og skjólbelti verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.</li> <li>Að sveitarfélagið verði áfram áhugaverður kostur fyrir frístundabyggð.</li> </ul> <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika?</p>

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auðvelda aðgengi til útivistar og auka þekkingu á málefnum skógræktar.</li> <li>Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinningi til samfélagsins, þ.e.a.s hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávinning.</li> </ul> <i>Land og líf 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu.</li> </ul>	
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Fornminjar.</i>	<i>Stefna í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt sé fólki gert kleift að njóta þeirra eins og aðstæður leyfa.</li> <li>Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar.</li> <li>Unnið skal að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkja og heimavirkjana.</li> </ul> <i>Náttúruminjaskrá.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

## 7 SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun stefnunnar.

Skipulagslýsingin verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

### 7.1 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Land og Skógur

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

### 7.2 Skipulagsferli

